

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Gínea-Bissáú, nr. 567/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Almenn ákvæði.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

1.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1335 frá 28. júlí 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrar-einingum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gínea-Bissáú, sbr. fylgiskjal 1.5.

1.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1598 frá 28. júlí 2023 um breytingu á ákvörðun 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú, sbr. fylgiskjal 1.6.

2.5 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/1329 frá 28. júlí 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrar-einingum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gínea-Bissáú, sbr. fylgiskjal 2.5.

2.6 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1593 frá 28. júlí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú, fylgiskjal 2.6.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vefsetri öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vefsetri öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

3. gr.

Viðurlög.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 21. ágúst 2023.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.5.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/1335****frá 28. júlí 2022****um breytingu á ákvörðun 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gínea-Bissáú.**

Heiti ákvörðunar 2012/285/SSUÖ er hér með breytt í „Ákvörðun ráðsins 2012/285/SSUÖ frá 31. maí 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú“ og ákvörðun 2012/237/SSUÖ er afturkölluð. Viðaukum II og III er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukarnir eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/1335/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.6.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/1598****frá 28. júlí 2023****um breytingu á ákvörðun 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/285/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar 2012/285/SSUÖ endurskoðaði ráðið þvingunaraðgerðirnar í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú og komst að þeirri niðurstöðu að í tengslum við viðbótarráðstafanir Sambandsins varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs ætti að bæta við ákvæði um undanþágu í mannúðarskyni sem gildir um tiltekna aðila, eins og fært er á skrá í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022).
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/285/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr. ákvörðunar 2012/285/SSUÖ:

„6. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,

- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir eða af hálfu
- e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-liðum á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. júlí 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

P. NAVARRO RÍOS

(¹) Ákvörðun ráðsins 2012/285/SSUÖ frá 31. maí 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gíneu-Bissáú og niðurfellingu ákvörðunar 2012/237/SSUÖ (Stjtíð. ESB L 142, 1.6.2012, bls. 36).

Fvlgiskjal 2.5.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/1329

frá 28. júlí 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum einstaklingum, rekstrareiningum og stofnunum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Lýðveldinu Gínea-Bissáú.

Heiti reglugerðar (ESB) nr. 377/2012 er hér með breytt í „Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 377/2012 frá 3. maí 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú“. (Efnisútdráttur).

Fvlgiskjal 2.6.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/1593

frá 28. júlí 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 377/2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gínea-Bissáú.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1598 frá 28. júlí 2023 um breytingu á ákvörðun 2012/285/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gíneu-Bissáú(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í maí 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/285/SSUÖ(²) og reglugerð (ESB) nr. 377/2012(³).
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar 2012/285/SSUÖ og 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012 endurskoðaði ráðið þvingunaraðgerðirnar í ljósi ástandsins í Gíneu-Bissáú og komst að þeirri niðurstöðu að í tengslum við viðbótarráðstafanir Sambandsins varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs ætti að bæta við ákvæði um undanþágu af mannúðarástæðum sem gildir um tiltekna aðila, eins og fært er á skrá í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022).
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 377/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 377/2012:

„4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheymnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,
- e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-liðum á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

P. NAVARRO RÍOS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 4.8.2023, bls. 23.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/285/SSUÖ frá 31. maí 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gíneu-Bissáú og niðurfellingu ákvörðunar 2012/237/SSUÖ (Stjtið. ESB L 142, 1.6.2012, bls. 36).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 377/2012 frá 3. maí 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Gíneu-Bissáú (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 1).